

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2018

**Efni: 149. löggjafarþing 2018–2019. Þingskjal 9 – 9. mál. Frumvarp til laga um mannanöfn.**

Í þessari umsögn tókum við fyrir nokkur atriði í frumvarpinu sem okkur finnst orka tvímælis. Ýmislegt annað hefði einnig mátt nefna.

Ekkert er kveðið í frumvarpinu á um röð eiginnafna og kenninafna. Þetta á eftir að valda vandræðum í skráningu og með því verða þessi hugtök í raun merkingarlaus. Engin skilgreining er heldur á því hvað telst vera eiginnafn né hvað er ættarnafn og hvað kenninafn. Er hægt að gera öll kenninöfn að ættarnöfnum og öll eiginnöfn sömuleiðis að ættarnöfnum?

Í frumvarpinu er lagt til að ættarnöfn verði gefin frjáls. Hér þarf að huga að nokkrum atriðum: Í núgildandi lögum um mannanöfn voru millinöfn hugsuð sem ígildi ættarnafna. Í þessu frumvarpi er millinöfnum haldið inni en óljóst hvaða stöðu þau munu hafa þegar ættarnöfn verða gefin frjáls. Hugsa þarf að því að hið ævafora germanska nafnakerfi hefur eingöngu varðveist hér á landi. Ætla má að ef ættarnöfn verða gefin frjáls yrði það hörð atлага að slíku kerfi. Fornt föður- og móðurnafnakerfi okkar er mikilvægur menningararfur og ábyrgðarhlutur að vega að því. Breytingar á kerfinu yrðu líklega óafturkræfar. Það má einnig færa rök fyrir því að það hafi ýmsa kosti út frá sjónarmiði jafnréttis fram yfir ættarnafnakerfið. Einnig er óljóst í frumvarpinu hvort ættarnöfn eigi að lúta einhverjum skilyrðum um form, s.s. hvort taka megi hvaða nafn sem er, þ. á m. eiginnöfn sem ættarnöfn eða kenninöfn. Ættarnöfn eru í eðli sínu nöfn sem fylgja ættum. Ekki verður séð í frumvarpinu hvort ættarnöfn munu njóta einhvers konar nafnverndar eða hvort ótengdir aðilar hafi heimild til að taka upp sama ættarnafn og þar af leiðandi yrði ættarnafnið ekki lengur ættarnafn. Hvað er þá ættarnafn í raun? Eiga/verða allir í fjölskyldu að bera sama ættarnafn eða má hver og einn hafa sérstakt ættarnafn?

Í greinargerð með frumvarpinu (II. Rétturinn til nafns) er m.a. vísað í 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og sagt: „Í þeim lögum um mannanöfn sem lagt er til að breyta eru viðtækar takmarkanir á þessum rétti sem ekki verða rökstuddar með vísan til almannahagsmuna eða annarra hagsmuna sem réttlætanlegt er að byggja á í nútímasamfélagi.“ Þetta er þó ekki alveg rétt eins og sést á nýlegum dómi héraðsdóms

Reykjavík frá 26. október 2017 þar sem úrskurður mannanafnanefndar frá 22. janúar 2016, þar sem hafnað var beiðni um skráningu nafnsins *Zoe*, var staðfestur.<sup>1</sup> Í þessum dómi stendur meðal annars: „Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað um heimildir aðildarríkjanna til að setja og framfylgja reglum um mannanöfn. Kemur hér einkum til skoðunar dómur frá 6. september 2007 í málinu *Johansson* gegn Finnlandi. Þar taldi dómurinn að ef verndun nafnahefðar þjóðar væri hluti af varðveislu tungumáls gæti hún talist vera í „public interest“.“ Í niðurlagi dómsins stendur einnig: „Að þessu sögðu verður ekki fallist á það með stefnanda að beiting laganna um mannanöfn eins og hún birtist í hinum umdeilda úrskurði mannanafnanefndar brjóti í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar eða sé ekki samþýðanleg 8. gr. mannréttindasáttmálans.“ Málið *Mentzen* gegn Lettlandi (7. desember 2004) er einnig athyglisvert í þessu samhengi. Þar er kveðið skýrt á um ríki hafi mikið svigrúm til að setja reglur um mannanöfn: „The process whereby surnames and forenames are given, recognised and used is a domain in which national particularities are the strongest and in which there are virtually no points of convergence between the internal rules of the Contracting States. [...] Consequently, the margin of appreciation which the State authorities enjoy in this sphere is particularly wide.“<sup>2</sup>

Mörg mannanöfn eiga sér langa hefð í málinu. Hluti af þeirri hefð er samræmd eða hefðbundin ritun þeirra. Algert frelsi í réttiritun grefur einnig undan almennri stafsetningu í málinu. Flestar hafnanir mannanafnanefndar á nöfnum skv. núgildandi lögum hafa verið vegna ritháttar. Í 5. gr. núverandi laga segir: „Það [þ.e. nafn] skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.“ Í því frumvarpi um breytingar á lögum um mannanöfn, sem nú liggur fyrir Alþingi, er umrætt skilyrði fellt brott. Með því verða mannanöfn undanþegin almennum réttiritunarreglum málsins. Til samanburðar má geta þess að í lögum um örnefni frá 3. mars 2015 (nr. 22/2015) er kveðið fastar á en í fyrri lögum um mikilvægi þess að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju (sjá b-lið 1. gr.). Nýlega auglýsti mennta- og menningarmálaráðherra einnig nýjar opinberar ritreglur. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf 27. ágúst 2018 út auglýsingu nr. 800 (birt í B-deild Stjórnartíðinda 31. ágúst).<sup>3</sup> Þessar reglur eru seinni hluti endurskoðunar Íslenskrar málnefndar á íslenskum ritreglum og gilda til viðbótar þeim reglum sem birtar voru 6. júní 2016 (nr. 695/2016).<sup>4</sup> Algert frelsi í ritun mannanafna brýtur því gegn skýrum almennum reglum um íslenska stafsetningu og viðmiðunarreglum um ritun örnefna. Líkja má réttiritunarreglum við ýmsar aðrar reglur sem samfélög koma sér saman um, t.d. umferðarreglur. Einnig má geta þess að ef mannanöfn þurfa ekki að lúta íslenskum stafsetningar- og málfræðireglum verður erfiðara að finna nöfn í skrá þar sem enginn réttur ritháttur er þá til.

<sup>1</sup> Sjá <https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=7ded51be-c976-493a-80ed-acc899512e72>

<sup>2</sup> Sjá <http://hudoc.echr.coe.int/app/conversion/pdf/?library=ECHR&id=001-70407&filename=001-70407.pdf>

<sup>3</sup> Sjá <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4c3c025d-d1b3-4786-9e29-ff2365a5f972>.

<sup>4</sup> Samkvæmt 6. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls (nr. 61/2011) semur Íslensk málnefnd íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út.

Íslensk tunga er beygingarmál og mikilvægt einkenni eiginnaafna er að þau geti beygst sem nafnorð. Í núverandi lögum segir til að mynda um þetta í 5. gr. að eiginnöfn skuli geta tekið eignarfallsendingu og skuli ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir eru hins vegar engar hömlur settar á þetta. Hægt verður að nota hvers konar óbeygjanleg tákn og tölur sem nöfn.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ákvæði laganna um kvenmannsnöfn og karlmannsnöfn séu tímaskekkja og að það sé ekki hlutverk löggjafans að skilgreina hvað eru kvenmannsnöfn og hvað karlmannsnöfn. Á mannaafnaskrá eru nú fáein samhljóma orð sem bæði eru skráð sem karlmanns- og kvenmannsnöfn (dæmi: *Blær, Júní, Elía*) en almennt eru nöfn þó eingöngu karlmanns- eða kvenmannsnöfn. Varhugavert yrði að gera slíka grundvallarbreytingu á nafnakerfinu sem lagt er til í frumvarpinu en þá yrði til að mynda hægt að nefna dreng hefðbundnu kvenmannsnafni og stúlku hefðuðu karlmannsnafni.

Enda þótt frumvarpið næði fram að ganga, allar kvaðir um nöfn felldar brott og mannaafnaskrá ekki lengur til verður ekki hjá því komist að upp komi ágreiningsefni um nöfn og skráningu þeirra. Einhver aðili eða stofnun þarf að geta tekið á slíkum málum.

Mannaafnanefnd hefur á síðustu árum oft óskað eftir því að núverandi lög um mannaöfn yrðu endurskoðuð. Ýmis grundvallarhugtök í núverandi lögum, eins og málkerfi og hefð, eru ekki nægilega vel skilgreind í þeim. Nefndinni er skylt að framfylgja lögunum eftir bestu vitund en vegna þessara annmarka kunna úrskurðir hennar stundum að þykja misvísandi (dæmi: nafnið *Judith* leyft vegna hefðar en nafninu *Júðith* hafnað). Það er því þörf á endurskoðun laga um mannaöfn en þessi lög teljum við ekki að séu til bóta.

Jóhannes B. Sigtryggsson, fyrrverandi nefndarmaður í mannaafnanefnd  
Ágústa Þorbergsdóttir, fyrrverandi formaður mannaafnanefndar